


Að leita hugljómunar utan hins hefðbundna

Við erum að horfa upp á algjörlega breytt landslag í samfélagi okkar á örfáum árum. Sem dæmi má nefna að segja má að nú ráði samfélagsmiðlar að miklu leyti fjölmiðlun og umræðunni með þessum um það bil 200.000 ritstjórum á landinu. Bankaútibúin eru komin á handarbakið á snjallúri og börn hafa aðgang að þekkingu á sekúndubroti sem tók okkar kynslóð tvo strætóa og skiptimiða að sækja á bókasafnið. Örkeppinautar eru að verða algjörir risar á markaði. Í raun má segja að þriðja iðnbyltingin sé skollin á af fullum þunga þar sem breytingar í samskiptum, orku og flutningum koma saman. Það sem við sjáum núna í vísindaritum er að netið elur



af sér svokallaðar klárar borgir, klár heimili og klára vinnustaði („smart cities/homes“) þar sem allt er orðið tengt. Og deilihagkerfið setur nýjar forsendur viðskipta.“ Guðrún Högnadóttir segir að spurning sín til leiðtoga

og stjórnenda sé hvort fólk í dag sé tilbúið í enn eina byltinguna og hvernig eigi að leiða fyrirtæki á þessum nýju tímum. Þetta nýja landslag kallar á nýja hugsun og ný viðhorf.

„Sumir segja að bestu hugmyndirnar komi yfirleitt þegar maður er í sturtu eða í göngu með hundunum. Samt erum við svo föst í því að halda að vinnustaðir eigi að vera skrifborðsstóll og tölva. Það að ætla að fara að hanga yfir formúlunni, áætluninni, stefnunni eða nýju áskoruninni við tölvuskjá eða fundarborð dregur oft frá okkur orku og sköpunargleði.

Tillaga mín er í fyrsta lagi að fólk staldri við í dagsins önn og íhugi hvernig það myndi leysa svipaða áskorun á öðrum vettvangi, t.d. í fjallgöngu eða

á fótboltavellinum, og hugsa út fyrir herbergi hugans. Ég tel að fólk þurfi í öðru lagi að muna að fjölbreytileiki er undirstaða stöðugleika – það þarf að leita fanga víða og skoða hvað aðrir hafa gert og spyrja hvað sagan segir og hvaða tækni eða tækifæri eru þarna úti.

Í þriðja lagi tel ég mikilvægt að hlusta á og vakta stöðugt væntingar viðskiptavina; að læra af yngra og eldra fólki og öðruvísi fólki – ekki leita að röddum sem bergmála okkar eigin.

Í fjórða lagi tel ég mikilvægt að lesa, hlusta, spjalla og rækta hugann og sambönd á listasafninu og í leikjum.

Og í fimmta lagi að standa upp frá skrifborðinu og sækja kraft til náttúrunnar og náungans og hafa kjarkinn og þrautseigjuna til að skoða endalaust aðra valkosti á vegferð ykkar.“ **FV**

„Sumir segja að bestu hugmyndirnar komi yfirleitt þegar maður er í sturtu eða í göngu með hundunum.“